Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 1. desember 2025 og hófst kl. 18. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, og Jóhannes B. Sigtryggsson. Guðrún C. Emilsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Starf Íslenskrar málnefndar árið 2026

Samkvæmt stefnuskrá er áhersluatriði ársins 2026 *Íslenska, snjalltæki og unga fólkið* og málræktarþing í september mun fjalla um þetta efni. Dagskráin verður mótuð á fyrsta stjórnarfundi ársins 2026. Rætt var um að halda aukamálþing ásamt læsifræðingum í maí með áherslu á læsi og skólakerfið.

2) Önnur mál

a. Málfregnir

Málfregnir, tímarit Íslenskrar málnefndar, komu út á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Þessi útgáfa Málfregna er tileinkuð málræktarþingi Íslenskrar málnefndar sem haldið var í Eddu 25. september síðastliðinn. Yfirskrift þingsins var *Íslenska og stjórnsýslan*.

b. Fundur með allsherjar- og menntamálanefnd

Formaður Íslenskrar málnefndar sótti fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til að ræða um íslensku í markaðssetningu og stöðu íslenskrar tungu almennt en frumvarp til markaðssetningarlaga hefur nú verið lagt fram á Alþingi.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 19.00.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.